

---

## Regnbogans stræti

Skrifað af Trausti - 2019/03/06 17:16

---

Ég er í bjartsýnskasti. Kannski ekki líklegt að fá svar hérna inni....en hvað um það. Einhverjir virðast villast hérna inn öðru hvoru. ekki Maðurinn sjálfur:)

Það væri gaman að fá smá upplýsingar um komandi afurð. Td.

Útgáfudagur?

Fjöldi laga?

Í hvaða formi....cd?....vínyll?

Útgáfutónleikar?

Allavega er ég búinn að heyra slatta af þessu efni og hlakka mikið til. Eins og alltaf.

Að Bubbi sé enn að gefa út plötur er fyrir mér guðsgjöf.

Takk Bubbi.

=====

## Re:Regnbogans stræti

Skrifað af Jakkalakki - 2019/03/30 06:26

---

Já þú segir það. Ég held að ég sé örugglega í hópi tíu dyggustu fylgimanna Bubba en mér er eiginlega nóg boðið eftir að hafa hlustað á nýja lagið. Ég hef heyrt það nokkrum sinnum og er sama þó ég heyri það aldrei aftur. Ég benti á þetta á Facebook, þar sem enn hlustar frekar en hér, en það er algjörlega ljóst að þessi texti var saminn á svona tíu mínútum. Á fyrstu mínútnunni eru svo málfarsvillur sem sviða svo að þær eyðileggja lagið fyrir mér.

Það er greinlegt að það er enginn sem les yfir textana af neinu viti, og Bubba er líklega bara sama. Búinn að gefa út of margar geggjaðar plötur. Á sama tíma eru menn á borð við Hallgrím Helgason með puttana í ljóðabókunum. Um þær er honum ekki sama.

Það er ástæða fyrir því að ekkert lag með Bubba hefur náð alvöru flugi núna í ansi mörg ár, og auðvitað segir enginn neitt, og plötur fá fjórar stjörnur, því Bubbi er Bubbi, og frábært að hann sé enn að gefa út tónlist. Staðreyndin er samt sú að varla einn einstaklingur hefur heyrt þessa texti síðasta áratuginn hefði sloppið inn á plötu hér áður fyrr. Ég er samt ekki að segja að textinn þurfi að vera eitthvað tímamótavert. "Fallegi lúserinn minn" er gott dæmi um texta sem er hálfgerð rugl (samkvæmt Bubba sjálfum), en er einfaldur, laus við ambögur, fellur vel að laglínunni, og bara virkar fullkomlega. Þjóðhátíðarlagið "Eyjan græna" er annað dæmi um lag þar sem texti sýnir tilgangi og lagið hefur fest sig í sessi.

Eins og ég segi að ofan, þá skiptir þetta Bubba kannski engu máli. Hans verður alltaf minnst sem besta tónlistarmanns Íslandssögunnar. Sem aðdáanda finnt mér þetta bara svo svekkjandi. Það væri svo ótrúlega mikill munur á mörgum þessara laga ef það væri nostrað aðeins meira við textana. Þá á ég sérstaklega við "alvarlegri lög" eins og "Þegar tíminn er liðinn" og "Þorpið" Bubba og Mugison. Bæði þessi lög gætu auðveldlega verið í flokki með helstu perlum Bubba.

=====

## Re:Regnbogans stræti

Skrifað af Trausti - 2019/04/25 00:38

---

Djöfulls stuð á þér minn ágæti Jakkalakki. Eins gott að við erum ekki öll eins hönnuð. Ég virði skoðun þína eins og annarra. Ekki sé sammála þér. Vonandi finnurðu Bubbann í þér aftur.

=====

## Re:Regnbogans stræti

Skrifað af Jakkalakki - 2019/04/25 07:04

---

Ég virði allra kvikinda skoðanir, en ég stend við það að öllum er nauðsynlegt að vera haldið við efnið, og þessi meðvirkni varðandi gerir engum gott.

Takk annars fyrir innlegg þitt varðandi tónleikana fyrir okkur sem staðsett erum röngum megin hafsins.

=====